

Borgarhljóðvist í formi ensks lystigarðs

Pólsk-ameríski heimspekingurinn og vísindamaðurinn Alfred Korzybski gerir skynjun mannsins að umfjöllunar-efni í orðum sínum: „Kortið er ekki landið sem það sýnir.“¹ Með því gerir hann greinarmun milli hlutanna sjálfra og birtingarmynda þeirra í skynjun mannsins, að frummynd hlutanna verði aldrei umföðmuð til fullnustu og túlkun komi ávallt við sögu í upplifun okkar af hlutum. Einnig mætti vísa til hugmynda belgíska listmálarans René Magritte varðandi það að „skynjunin þröngvar sér alltaf á milli okkar og veruleikans“, eins og Ann Marie Barry orðar það.² Sami hlutur getur jafnframt tekið á sig ólíkar birtingarmyndir og hver mynd litar samband okkar við hlutina. Þannig opnar til dæmis landakort á nýtt samband við landið sjálft, þar sem landinu bregður fyrir í nýju ljósi og upplifun okkar tekur breytingum.

Umbreyting veruleikans er áberandi þráður í höfundarverki Davíðs Brynjars Franzsonar, tónskálds. Davíð sækir efnivið sinn og uppsprettu hugmynda í hljóðritanir sem teknar eru í hversdeginum. Hljóðritunum sjálfum bregður aftur á móti sjaldan fyrir í verkum Davíðs en það er umbreytingin og útfærsla veruleikans yfir í nýtt form, í form tónlistar, sem er skáldskaparrými Davíðs. Í nýrri birtingarmynd verða til ný samhengi á milli hljóða frummyndarinnar, þar sem veruleikinn fær nýja merkingu. Sem dæmi fær samband sjóðandi teketils og fuglasöngs í fjarska allt aðra merkingu í útfærslu sinni í hljóðheimi hljóðfæranna. Fram sprettur nýr veruleiki í gegnum yfirfærslu frummyndarinnar, fram sprettur „tónlistarleg merking“.

Á sýningunni *Borgarhljóðvist í formi ensks lystigarðs* er sjónum beint að þætti borgarhljóðvistar í upplifun okkar af stað og tíma. Borgarhljóðvist er heiti yfir þann hljóðheim sem borgir móta með formi sínu, lögun og virkni. Mannlíf, arkitektúr, fána og náttúrulegir staðhættir, líkt og veðurfar og landslag, skapa hverri borg sinn sérstaka hljóð, sem er jafnt breytilegur innan borgarrýmisins eftir dögum eða tíma dags. Hljóðritanir sem fanga liðin augnablik, frá ólíkum tímum dags, úr nánasta umhverfi hóps alþjóðlegra samstarfsaðila Davíðs – frá borgunum Los Angeles, New York, Malmö og Reykjavík – hafa verið útfærðar af Davíð yfir í þrívítt hljóðumhverfi sýningarinnar í anda hugmyndafræði enska lystigarðsins á 18. öld.

An Urban Archive as an English Garden

Polish-American philosopher and scientist Alfred Korzybski made the following observation about human perception: “The map is not the territory.”¹ By establishing a differentiation between objects and their perceived appearance in this way, archetypes can never be fully grasped, as interpretation always plays a part in our perception of things. Belgian artist René Magritte’s ideas are interesting in this context, namely that “perception always intercedes between reality and ourselves”, as Ann Marie Barry words it.² The same object can be perceived differently and every appearance will affect your relationship to objects. Similarly, a geographical map can be a key that opens up a new connection to the land itself, making it appear in a different light and altering our perception of it.

The metamorphosis of reality is a recurrent theme in the works of composer Davíð Brynjar Franzson. His source of inspiration and ideas comes from sound recordings of everyday life. The recordings themselves rarely appear in Davíð’s compositions, but it is in the transformation and adaptation of reality into a new form, the form of music, where his artistry takes place. Novel perceptions of reality arise through new connections between archetype and representation. For example, the relationship between a boiling kettle and a birdsong from afar acquires a new meaning when they are represented by musical instruments. This transformation of the archetype gives birth to a new reality and “musical meaning”.

In the exhibition *An Urban Archive as an English Garden*, the focus is on how our perception of time and place is influenced by the urban soundscapes around us. An urban soundscape is a term for the acoustic environment created by a city with its form, shape and activity. Human activity, architecture, fauna and natural forces, such as weather and landscape, give each city its unique sound, which varies depending on placements within the city, the date or time of day. An international cohort of collaborators has contributed field recordings made during different times of the day in their near environment – from Los Angeles, New York, Malmö and Reykjavík – which Davíð has arranged into a three-dimensional soundscape, based on the ideology of the 18th century English garden.

Útgangspunktur þeirra er að skapa gestum dvalarstað til að skoða og upplifa, þar sem landslaginu er ætlað að vekja forvitni og umfaðma gesti sína, í stað þess að vera skorðað í kortlagt heildarskipulag. Borgarhljóðvistirnar taka á sig form hljóðrænnar lágmyndar sem umbreytist í tíma. Samtímis hljóma ólík augnablik úr borgarhljóðvistinni þar sem til verður nýtt samhengi og ný merking. Hljómi borganna er att saman við hljóðfæraleik flytjenda, sem ferðast hægfara um rýmið, bregst við og dregur fram litbrigði og augnablik í hljóðvistinni, lystigarði hljóðs, sem gestir geta kannað á eigin forsendum jafnt í tíma og rúmi.

Borgarhljóðvist í formi ensks lystigarðs er að forminu til sýning en telst einnig til tímaþanans tónlistarviðburðar, sem teygir sig yfir sýningartímann. Innsetningin er kvik og sífbreytileg, líkt og borgarhljóðvistirnar sjálfar. Á sýningunni má upplifa stað og staðleysur, þar sem raddir borganna skapa samtal við hljóðvist Hafnarborgar, sem jafnframt ljær verkinu rödd sína. Skapar sýningin gestum sínum þannig sérstakan stað til að dvelja á um stund, kanna og upplifa. Þáttur sýningargestsins er að uppgötva og upplifa á eigin forsendum, hvort heldur sem hann beinir augum og eyrum að stað og stund augnablikanna sem birtast, hreyfingu hljóðanna um rýmið eða hlustar í gegnum eigin hreyfingu um rýmið. Þá er hann staddur í ímynduðum garði sem ofinn er í tíma og rúm.

Kortið er ekki landið sem það sýnir.

Skynjun þröngvar sér alltaf á milli okkar og veruleikans.

Þráinn Hjálmarsson

Their intention is to create a place in which one can dwell and observe, where the landscape is meant to evoke curiosity and embrace its guests instead of framing them in an urban map. The urban soundscapes morph into an aural relief that is transformed over time. Different moments from the urban soundscapes are played simultaneously and as a result new meanings and contexts emerge. The soundscapes combine with the sounds of musical instruments, slowly moving through the space, responding to and reflecting on moments within the soundscape, a garden of sounds, which visitors can explore on their own, in both time and place.

An Urban Archive as an English Garden is both a traditional exhibition and a musical event that expands over time for the course of the exhibition. The installation is ephemeral and always in a state of flux, much like the urban soundscapes themselves. In the exhibition, we get a sense of place and non-place, as the voices of the cities enter into a conversation with Hafnarborg's own acoustic environment, resulting in a unique effect. The exhibition thus creates a particular place in which to dwell momentarily, explore and experience. The role of the visitor is to discover and have an experience on their own terms, whether they direct their eyes and ears to the place and time, as moments unfold, to the sounds moving through the space, or they listen to the sound of their own movement around the space. They are always standing in an imaginary garden that is woven into time and space.

The map is not the territory it represents.

Perception always separates us from reality.

Þráinn Hjálmarsson

Translated by Marta Sigríður Pétursdóttir

- 1 Korzybski, Alfred. 1933. *Science and Sanity: An Introduction to Non-Aristotelian Systems and General Semantics*. (Lancaster/New York: The International Non-Aristotelian Library Publishing Company), 58.
- 2 Barry, Ann Marie. 1997. *Visual Intelligence: Perception, Image, and Manipulation in Visual Communication*. (New York: State University of New York Press), 16.